

Stofnfundur Vestfjarðastofu ses.

Stofnfundur Vestfjarðastofa ses. fer fram þann 1. desember næstkomandi kl. 13:00 í Edinborgarhúsinu á Ísafirði.

Vestfjarðastofa ses. er nýtt félag sem styður einstaklinga, fyrirtæki, félagasamtök og sveitarfélög á Vestfjörðum við að ná árangri á sviði nýsköpunar og atvinnuþróunar. Vestfjarðastofa er í forsvari gagnvart stjórnvöldum, sinnir markaðssetningu og svæðasamstarfi á Vestfjörðum.

Vestfjarðastofa mun taka að sér að reka og þróa áfram þau verkefni sem Fjórðungssamband Vestfirðinga og Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða hafa sinnt hingað til.

Dagskrá

1. Stefnumótun Vestfjarðastofu kynnt
2. Stofnskrá kynning og samþykkt
3. Fjárhags- og starfsáætlun
4. Kosningar:
 - a. Kjör stjórnar
 - b. Kjör endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtækis
 - c. Kjör starfsháttanefndar
5. Ákvörðun um þóknun stjórnar
6. Önnur mál

Fundurinn er öllum opinn, en áhugasamir eru beðnir um að skrá sig á netfangið fv@vestfiridir.is

Virðingarfyllt

Undirbúningsstjórn um stofnun Vestfjarðastofu ses.

